



tvö ríki fyrir afvopnunarnefndina í Genf drög að samningi um afvopnun hafsbotsins. Samningsdrög þessi voru síðan rædd í afvopnunarnefndinni og einnig á 24. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Loks var það hinn 7. desember 1970, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti endanlega með miklum meiri hluta atkvæða alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gjöreyðingarvopna á hafsbotni og í honum. Var ríkisstjórnnum Sovétríkjanna, Bretlands og Bandaríkjanna falið að hafa vörzlu samningsins, og var hann síðan lagður fram til undirskriftar í London, Moskvu og Washington 11. febrúar s. l.

Telja verður samning þennan mikilvægt skref í átt til almennrar afvopnunar og er hér farið fram á heimild Alþingis til að fullgilda samninginn.

### Fylgiskjal.

#### ALÞJÓÐASAMNINGUR

um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gjöreyðingarvopna á hafsbotni og í honum.

Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum,

viðurkenna hina sameiginlegu hagsmuni mannkynsins af þróun rannsókna á hafsbotninum og hagnýtingu hans í friðsamlegum tilgangi,

álíta, að með því að koma í veg fyrir að keppzt sé við, að vígbúnaður fari fram á hafsbotni, sé dregið úr alþjóðlegum deilum og stuðlað að vinsamlegri sambúð ríkja,

eru sannfærð um, að samningur þessi sé skref í þá átt, að hafsbotninn sé útilokaður frá vígbúnaðarátökum,

eru sannfærð um, að samningur þessi sé skref í þá átt, að gerður sé samningur um almenna og fullkomna afvopnun undir ströngu og raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, og eru einhuga um að halda áfram samningaviðræðum að því markmiði,

eru sannfærð um, að samningur þessi muni efla markmið og meginreglur sáttmála hinna Sameinuðu þjóða á þann hátt, sem samrýmist meginreglum alþjóðalaga og án þess að skerða frelsi úthafsins,

og hafa þau því orðið ásátt um það, sem hér fer á eftir:

#### 1. gr.

1. Ríki þau, sem aðilar eru að þessum samningi, fallast á að koma ekki fyrir

#### TREATY

on the Prohibition of the Emplacement of Nuclear Weapons and Other Weapons of Mass Destruction on the Sea-Bed and the Ocean Floor and in the Subsoil Thereof

The States Parties to this Treaty,

Recognizing the common interest of mankind in the progress of the exploration and use of the sea-bed and the ocean floor for peaceful purposes,

Considering that the prevention of a nuclear arms race on the sea-bed and the ocean floor serves the interests of maintaining world peace, reduces international tensions, and strengthens friendly relations among States,

Convinced that this Treaty constitutes a step towards the exclusion of the sea-bed, the ocean floor and the subsoil thereof from the arms race,

Convinced that this Treaty constitutes a step towards a Treaty on general and complete disarmament under strict and effective international control, and determined to continue negotiations to this end,

Convinced that this Treaty will further the purposes and principles of the Charter of the United Nations, in a manner consistent with the principles of international law and without infringing the freedoms of the high seas,

Have agreed as follows:

#### Article 1

1. The States Parties to this Treaty undertake not to emplant or emplace on

eða staðsetja á hafsbotni eða í honum utan ytri marka botnssvæðis þess, sem skilgreint er í 2. gr., kjarnorkuvopn eða nokkra aðra tegund gjöreyðingarvopna svo og mannvirki, skotstöðvar eða önnur tæki eða aðstöðu, sem til þess eru sérstaklega ætluð að geyma, prófa eða nota slík vopn.

2. Skuldbindingar fyrstu málsgreinar þessarar greinar skulu einnig taka til hafsbotnssvæðis þess, er getur í fyrstu málsgrein, en á því hafsbotnssvæði skulu þær þó ekki taka til strandríkisins eða hafsbotnssvæðis neðan landhelgi þess.

3. Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum, fallast á að aðstoða ekki, hvetja eða leggja að nokkru ríki að gera þær ráðstafanir, sem 1. málsgrein þessarar greinar tekur til, og að taka ekki á nokkurn annan hátt þátt í slíkum ráðstöfunum.

#### 2. gr.

Að því er samning þennan varðar, skulu ytri takmörk hafsbotnssvæðisins, sem um ræðir í 1. gr., fylgja 12 milna mörkum svæðis þess, sem getið er um í II. kafla samningsins um landhelgi og viðbótARBELTI, sem undirritaður var í Genf hinn 29. apríl 1958, og skulu þau mæld í samræmi við 2. gr. I. kafla þess samnings og þjóðarétt.

#### 3. gr.

1. Í því skyni að efla markmið þessa samnings og tryggja framkvæmd ákvæða hans skal sérhverju ríki, sem aðili er að samningnum, heimilt að sannreyna með skoðun, hvað önnur ríki, sem aðilar eru að samningnum, hafast að á hafsbotni og í utan þess svæðis, sem um ræðir í 1. gr., enda trúfli slík skoðun ekki þau störf.

2. Ef, að lokinni slíkri skoðun, sanngjarn vafi leikur á, hvort skuldbindingar samkvæmt samningnum eru efndar, skulu samningsríki, sem slíkar efasemdir hafa, og samningsríki það, sem ábyrgð ber á verknaði, sem vafa veldur, ráðgast

the sea-bed and the ocean floor and in the subsoil thereof beyond the outer limit of the sea-bed zone as defined in Article 2 any nuclear weapons or any other types of weapons of mass destruction as well as structures, launching installations or any other facilities specifically designed for storing, testing or using such weapons.

2. The undertakings of paragraph 1 of this Article shall also apply to the sea-bed zone referred to in the same paragraph, except that within such sea-bed zone, they shall not apply either to the coastal State or to the sea-bed beneath its territorial waters.

3. The States Parties to this Treaty undertake not to assist, encourage or induce any State to carry out activities referred to in paragraph 1 of this Article and not to participate in any other way in such actions.

#### Article 2

For the purpose of this Treaty the outer limit of the sea-bed zone referred to in Article 1 shall be coterminous with the twelve-mile outer limit of the zone referred to in Part II of the Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone, signed in Geneva on 29 April 1958 and shall be measured in accordance with the provisions of Part I, Section II, of this Convention and in accordance with international law.

#### Article 3

1. In order to promote the objectives of and ensure compliance with the provisions of this Treaty, each State Party to the Treaty shall have the right to verify through observation the activities of other States Parties to the Treaty on the sea-bed and the ocean floor and in the subsoil thereof beyond the zone referred to in Article 1, provided that observation does not interfere with such activities.

2. If after such observation reasonable doubts remain concerning the fulfilment of the obligations assumed under the Treaty, the State Party having such doubts and the State Party that is responsible for the activities giving rise

í því skyni að taka af allan vafa. Ef vafi er ekki leystur, skal samningsríkið, sem í vafa er, tilkynna öðrum samningsríkjum, og hlutaðeigandi ríki skulu hafa samvinnu um þær frekari aðgerðir til að rannsaka málið, sem samkomulag kann að nást um, þ. á m. viðeigandi skoðun hluta, mannvirkja, útbúnaðar eða annarrar aðstöðu, sem með sanngirni má ætla, að séu þess eðlis, sem 1. gr. tekur til. Aðilar á svæði slíkra framkvæmda, þ. á m. strandríkið og hver annar aðili, sem þess óskar, skulu hafa heimild til að taka þátt í slíkum samráðum og samvinnu. Þegar lokið er frekari aðgerðum til sannprófunar, skal sá aðili, sem efndi til slíkra aðgerða, senda skýrslu til hinna aðilanna.

3. Ef ekki er unnt að komast að raun um, hvaða ríki beri ábyrgð á framkvæmdum, sem vafa valda, með því að skoða hluti, mannvirki, útbúnað eða aðra aðstöðu, skal samningsríkið, sem í vafa er, tilkynna það og óska viðeigandi upplýsinga frá samningsríkjum á svæði framkvæmdanna og hvaða öðru samningsríki sem er. Ef staðreynt er með slíkri beiðni um upplýsingar, að tiltekið samningsríki beri ábyrgð á framkvæmdunum, skal það samningsríki ráðgjast og hafa samvinnu við hina aðilana svo sem mælt er fyrir um í 2. málsgrein þessarar greinar. Ef ekki er unnt að staðreyna, hvaða ríki beri ábyrgð á framkvæmdunum, með slíkum fyrirspurnum, getur það samningsríki, sem upplýsingar óskar, hafið frekari rannsóknir, þar á meðal skoðun, og skal það ríki bjóða öðrum aðilum á svæði framkvæmdanna þátttöku, þ. á m. strandríkinu og hverju öðru ríki, sem samvinnu vill hafa.

4. Ef samráð og samvinna samkvæmt 2. og 3. málsgrein þessarar greinar hafa ekki eytt efasemdum varðandi framkvæmdir og um er að ræða alvarlegt atriði varðandi fullnægju skuldbindinga samkvæmt samningi þessum, getur samningsaðili í samræmi við sáttmála hinna Sameinuðu þjóða vísað málinu til öryggisráðsins, og getur það gert ráðstafanir samkvæmt sáttmálanum.

to the doubts shall consult with a view to removing the doubts. If the doubts persist, the State Party having such doubts shall notify the other States Parties, and the Parties concerned shall co-operate on such further procedures for verification as may be agreed, including appropriate inspection of objects, structures, installations or other facilities that reasonably may be expected to be of a kind prescribed in Article 1. The Parties in the region of the activities, including any coastal State, and any other Party so requesting, shall be entitled to participate in such consultation and co-operation. After completion of the further procedures for verification, an appropriate report shall be circulated to other Parties by the Party that initiated such procedures.

3. If the State responsible for the activities giving rise to the reasonable doubts is not identifiable by observation of the object, structure, installation or other facility, the State Party having such doubts shall notify and make appropriate inquiries of States Parties in the region of the activities and of any other State Party. If it is ascertained through these inquiries that a particular State Party is responsible for the activities, that State Party shall consult and co-operate with other Parties as provided in paragraph 2 of this Article. If the identity of the State responsible for the activities cannot be ascertained through these inquiries, then further verification procedures, including inspection, may be undertaken by the inquiring State Party, which shall invite the participation of the Parties in the region of the activities, including any coastal State, and of any other Party desiring to co-operate.

4. If consultation and co-operation pursuant to paragraphs 2 and 3 of this Article have not removed the doubts concerning the activities and there remains a serious question concerning fulfilment of the obligations assumed under this Treaty, a State Party may, in accordance with the provisions of the Charter of the United Nations, refer the matter to the Security Council, which may take action in accordance with the Charter.

5. Sannprófun samkvæmt þessari grein getur sérhvert samningsríki tekizt á hendur á eigin spýtur eða með samvinnu að fullu eða nokkru við sérhvert annað samningsríki eða með viðeigandi alþjóðlegum aðgerðum innan ramma Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við sáttmála þeirra.

6. Framkvæmdir vegna sannprófunar samkvæmt samningi þessum skulu ekki trufla framkvæmdir annarra samningsríkja og skal hagað með hæfilegu tilliti til réttinda, sem viðurkennd eru að þjóðarétti, þ. á m. frelsi úthafsins og réttindi strandríkisins að því er varðar rannsókn og hagnýtingu landgrunns þeirra.

#### 4. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal skýrt þannig, að það styðji eða hafi áhrif á sjónarmið samningsríkis að því er varðar alþjóðasamninga, sem fyrir hendi eru, þar á meðal samningurinn frá 1958 um landhelgi og viðbótarbelti, eða að því er varðar réttindi eða kröfur, sem slíkt samningsríki kann að halda fram, eða að því er varðar viðurkenningu eða neitun á viðurkenningu á réttindum eða kröfum, sem annað ríki kann að halda fram og snerta hafssvæði undan ströndum þess, þ. á m. meðal annars landhelgi og viðbótarbelti eða hafshotn, þ. á m. landgrunn.

#### 5. gr.

Aðilar samnings þessa fallast á að halda áfram samningsviðræðum af heilum hug um frekari ráðstafanir á sviði afvopnunar til að koma í veg fyrir, að keppzt verði um að koma á vighúnaði á hafshotni eða í.

#### 6. gr.

Hver samningsaðili getur gert tillögur um breytingar á samningi þessum. Breytingar skulu taka gildi fyrir hvert samningsríki, sem samþykkir þær, þegar þær hafa öðlazzt samþykki meiri hluta aðildarríkja að samningnum og síðan fyrir hvert annað samningsríki við samþykkt þess.

5. Verification pursuant to this Article may be undertaken by any State Party using its own means, or with the full or partial assistance of any other State Party, or through appropriate international procedures within the framework of the United Nations and in accordance with its Charter.

6. Verification activities pursuant to this Treaty shall not interfere with activities of other States Parties and shall be conducted with due regard for rights recognized under international law including the freedoms of the high seas and the rights of coastal States with respect to the exploration and exploitation of their continental shelves.

#### Article 4

Nothing in this Treaty shall be interpreted as supporting or prejudicing the position of any State Party with respect to existing international conventions, including the 1958 Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone, or with respect to rights or claims which such State Party may assert, or with respect to recognition or non-recognition of rights or claims asserted by any other State, related to waters off its coasts; including inter alia territorial seas and contiguous zones, or to the sea-bed and the ocean floor, including continental shelves.

#### Article 5

The Parties to this Treaty undertake to continue negotiations in good faith concerning further measures in the field of disarmament for the prevention of an arms race on the sea-bed, the ocean floor and the subsoil thereof.

#### Article 6

Any State Party may propose amendments to this Treaty. Amendments shall enter into force for each State Party accepting the amendments upon their acceptance by a majority of the States Parties to the Treaty and thereafter for each remaining State Party on the date of acceptance by it.

#### 7. gr.

Fimm árum eftir gildistöku samnings þessa skal haldin ráðstefna samningsaðila í Genf, Sviss, til að endurskoða framkvæmd samnings þessa í því skyni að tryggja það, að markmið inngangsorða og ákvæði samningsins nái tilsettu árangri. Við slíka endurskoðun skal hafa hliðsjón af hvers konar tækniþróun. Endurskoðunarráðstefna skal á grundvelli skoðana meiri hluta þeirra ríkja, sem ráðstefnuna sækja, ákveða hvort og hvenær önnur viðbótarráðstefna til endurskoðunar skuli haldin.

#### 8. gr.

Hverju ríki, sem aðili er að samningi þessum, skal á grundvelli fullveldis síns heimilt að segja upp samningi þessum, ef það telur, að ófyrirsjáanlegir atburðir, er varða efni samnings þessa, hafi stofnað æðstu hagsmunum þess í hættu. Það skal tilkynna slíka uppsögn öllum öðrum samningsríkjum og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna með þriggja mánaða fyrirvara. Slík tilkynning skal hafa að geyma greinargerð um þá ófyrirsjáanlegu atburði, sem það telur hafa stofnað æðstu hagsmunum þess í hættu.

#### 9. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu á engan hátt hafa áhrif á þær skuldbindingar, sem aðildarríki samningsins hafa tekið á sig með alþjóðlegum samningum eða samþykktum, er stofnað hafa til bannsvæða gegn kjarnorkuvopnum.

#### 10. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja. Sérhvert ríki, sem ekki undirritar samninginn áður en hann tekur gildi samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, getur gerzt aðili að honum hvenær sem er.

2. Samningur þessi skal háður fullgildinga þeirra ríkja, sem undirritað hafa hann. Fullgildingarskjöl og aðildar-

#### Article 7

Five years after the entry into force of this Treaty, a conference of Parties to the Treaty shall be held in Geneva, Switzerland, in order to review the operation of this Treaty with a view to assuring that the purposes of the preamble and the provisions of the Treaty are being realized. Such review shall take into account any relevant technological developments. The review conference shall determine in accordance with the views of a majority of those Parties attending whether and when an additional review conference shall be convened.

#### Article 8

Each State Party to this Treaty shall in exercising its national sovereignty have the right to withdraw from this Treaty if it decides that extraordinary events related to the subject matter of this Treaty have jeopardized the supreme interests of its country. It shall give notice of such withdrawal to all other States Parties to the Treaty and to the United Nations Security Council three months in advance. Such notice shall include a statement of the extraordinary events it considers to have jeopardized its supreme interests.

#### Article 9

The provisions of this Treaty shall in no way affect the obligations assumed by States Parties to the Treaty under international instruments establishing zones free from nuclear weapons.

#### Article 10

1. This Treaty shall be open for signature to all States. Any State which does not sign the Treaty before its entry into force in accordance with paragraph 3 of this Article may accede to it at any time.

2. This Treaty shall be subject to ratification by signatory States. Instruments of ratification and of accession

skjöl skulu afhent ríkisstjórnnum Sovétríkjanna, hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Ameríku, sem hér með er falið að vera vörzluríkisstjórnir.

3. Samningur þessi tekur gildi, þegar fullgildingarskjöl 22 ríkisstjórna, þar á meðal þeirra, sem hafa verið tilnefnd sem vörzluríkisstjórnir samnings þessa, hafa verið afhent.

4. Að því er varðar ríki þau, sem afhenda fullgildingar- eða aðildarskjöl sín eftir að samningurinn hefur tekið gildi, skal hann taka gildi þann dag, sem fullgildingar- eða aðildarskjöl þeirra eru afhent til vörzlu.

5. Vörzluríkisstjórnirnar skulu án tafar tilkynna ríkisstjórnnum allra ríkja, sem undirritað hafa eða gerzt aðilar, um dagsetningu hvorrar undirritunar, dagsetningu afhendingar hvers fullgildingar- eða aðildarskjals, dagsetningu gildistöku samnings þessa og móttöku annarra tilkynninga.

6. Vörzluríkisstjórnirnar skulu skrásetja samning þennan samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

#### 11. gr.

Samningur þessi, sem gerður er á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spönsku og allir textar jafngildir, skal afhentur til vörzlu í skjalasöfnum vörzluríkisstjórnanna. Vörzluríkisstjórnirnar skulu senda staðfest eftirrit af samningi þessum til ríkisstjórna þeirra ríkja, sem undirritað hafa hann eða gerzt aðilar að honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

shall be deposited with the Governments of the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America, which are hereby designated the Depositary Governments.

3. This Treaty shall enter into force after the deposit of instruments of ratification by twenty-two Governments, including the Governments designated as Depositary Governments of this Treaty.

4. For States whose instruments of ratification or accession are deposited after the entry into force of this Treaty it shall enter into force on the date of the deposit of their instruments of ratification or accession.

5. The Depositary Governments shall promptly inform the Governments of all signatory and acceding States of the date of each signature, of the date of deposit of each instrument of ratification or of accession, of the date of the entry into force of this Treaty, and of the receipt of other notices.

6. This Treaty shall be registered by the Depositary Governments pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations.

#### Article 11

This Treaty, the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts of which are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Depositary Governments. Duly certified copies of this Treaty shall be transmitted by the Depositary Governments to the Governments of the States signatory and acceding thereto.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Treaty.